

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 155/2007 um stærð og þyngd ökutækja.

1. gr.

Á 13. gr. reglugerðarinnar eru gerðar eftirfarandi breytingar:

- a. Síðasti málslíður 1. mgr. skal orðast svo:
Samgöngustofa getur sett nánari skilyrði fyrir leyfi og getur bundið undanþágu við til dæmis veðurfar, ástand vega og mannvirkja hverju sinni og gerð ökutækis.
- b. 2. málslíður 3. mgr. fellur niður.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með heimild í 75. og 76. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, öðlast þegar gildi.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu, 21. nóvember 2017.

Jón Gunnarsson.

Ragnhildur Hjaltadóttir.